

ingarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. Hann skal sviptur æfilangt leyfi til að stjórna bifreið. Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 23. apríl 1937.

Nr. 73/1936. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Stjórn Kaupfélags Þingeyinga
 (Stefán Jóh. Stefánsson)

Ómerking málsmeðferðar í héraði og dóms.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 19. sept. 1935:
 Kærði, stjórn Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík, greiði 300,00 kr. sekt til rikissjóðs innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Verði sektin ekki greidd, afplánist hún með 18 daga einföldu fangelsi. Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir héraðsdómarinn höfðað gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga, án þess að nafngreina þá einstaklinga, sem fyrir sökum eru hafðir, og án þess að taka nokkra skýrslu af stjórnarnefndar-mönnunum, að einum þeirra undanteknum. Eftir þenna málatilbúning hefir héraðsdómarinn svo dæmt „kærða, stjórn Kaupfélags Þingeyinga“, til sektargreiðslu og til vara til afplánunar sektarinnar. Þessi málsmeðferð og dómur er svo fjarri lagi, að ekki verður hjá því komið að ómerkja hvorttveggja.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði og dómur á að vera ómerkur.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 100 krónur til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál það, sem hér liggur fyrir, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn stjórn Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík sem útgefanda og ábyrgðarmanns blaðsins „Boðberi K.Þ.“ fyrir brot á lögum nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og hefir stjórnarnefndarmaður Karl Kristjánsson, bóndi í Eyvík, mætt í málinu f. h. kærða og fráfallið stefnu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 19. ágúst 1933 kærir Stefán sál. Guðjohnsen, kaupmaður í Húsavík, yfir því, að í nýútkomnu fjölrituðu blaði „Boðberi K.Þ.“, sem upplýst er í máli þessu, að stjórn Kaupfélags Þingeyinga gefur út og ber ábyrgð á, sé veitt að verzlun sinni og sér á þann hátt, sem komi í bága við 11. gr. laga nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og vitnar sérstaklega í greinarnar „Búðarvörur“ og „Verðlag“ í 1. tölubl. nefnds blaðs, dags. 30. júní 1933, og í greinina „Tíðindi“ í 3. tölubl. sama blaðs, dags. 4. ágúst 1933. Segir hann, að í greininni „Búðarvörur“ sé verzlun sin kölluð „óvinurinn, sem fyrir 50 árum var hér í héraðinu hafin hin

drengilegasta hrið að og óefað má yfirstiga til fulls“ og séu félagsmenn Kaupfélags Þingeyinga, sem og séu viðskiptamenn sínir, varaðir við því að lenda ekki aftur í „opin gin óvinarins“, en með þessum ummælum sé reynt að gera verzlun sína tortryggilega í augum almennings. Greinin „Verðlag“ sé sumpart rangur, sumpart villandi samanburður á verðlagi því á þeim vörum, sem greinin getur um hjá Kaupfélagi Þingeyinga og hjá verzlun sinni, auðsjáanlega skrifuð í þeim tilgangi að spilla fyrir verzlun sinni og til þess að draga viðskiptin að K.Þ. — Loks sé greinin „Tiðindi“ mestmegnis rangsnúin og sumpart ósönn frásögn frá sáttafundi 25. júlí 1933, þar sem fulltrúi sinn hafi gert tilraun til að leiða mál þetta til lykta á friðsamlegan hátt, en þessa tilraun vilji blaðið telja ofsókn auk þess, sem greinin gangi út á það að reyna að vekja á ný gamla andúð gegn verzlun „Örum & Wulfs“, — en þá verzlun keypti kærandi, — og láta hana bitna á sér og verzlun sinni. Krefst kærandi því, að útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins „Boðberi K.Þ.“ sé látinn sæta sektum samkv. 11. gr. laga nr. 84/1933, og að auki dæmdur til að greiða sér, samkv. 16. gr. sömu laga, skaðabætur allt að kr. 1000.00 fyrir tjón það, er ætla megí, að verzlun sín hafi beðið vegna hinna röngu og rægjandi ummæla í blaðinu.

Gegn þessum kæruatriðum heldur umboðsmaður eða verjandi kærða því fram, að sjálft blaðið „Boðberi K.Þ.“ sé ekki blað í venjulegum skilningi, heldur aðeins innanfélagsblað eða „tæki“ fyrir félagsmenn og félagsstjórn til að talast við sín á milli, — að greinin „Búðarvörur“ snerti ekki Stefán Guðjohnsen sem einstakling eða verzlun hans sérstaklega, að greinin „Verðlag“ sé alls ekki röng sögusögn, heldur rétt frásögn, enda sé það játað af fulltrúa kæranda og rannsókn málsins leitt í ljós, að verðlagið í nefndri grein var rétt tilgreint sem síðasta verð, þegar blaðið kom út, — að framkvæmdarstjóri Kaupfélags Þingeyinga bauðst til þess að leiðrétta í „Boðberanum“ það, sem rangt kynni að vera hermt í greininni „Verðlag“, en fulltrúi kæranda hafnaði því boði, að greinin „Tiðindi“ segi aðeins frá staðreyndum eftir tilteknum heimildum. — Svo beri í máli þessu að taka tillit til þess, að lög nr. 84, 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunar-

háttum voru svo nýlega gengin í gildi, þegar „Boðberi K.Þ.“ kom út, 30. júní 1933, að þau voru alls ekki orðin kunn almenningi.

Krefst verjandi því algerðrar sýknu fyrir kærða í máli þessu, og að kærandi sé dæmdur í þingstu sektir fyrir óþarfar málsýingar.

Skulu nú hin einstöku kæruatriði athuguð:

Greinin „Búðarvörur“.

Í lögreglurétti Þingeyjarsýslu 1. sept. 1933 hefir Pétur Sigfússon, sem þá var sölustjóri Kaupfélags Þingeyinga, játað að hafa skrifað greinina, en tekur fram, að hún sé skrifuð „almennt“, án þess að átt sé við neinn sérstakan mann eða sérstaka verzlun, „heldur aðeins gegn hverskonar verzlunarfyrirkomulagi, sem samvinnumenn telji óhagstætt almenningi“.

Enda þótt kærandi virtist hafa ástæðu til að ætla, að átt væri við sig og verzlun sína sérstaklega með ummælum þeim í greininni, sem kært er yfir, þá verður, að fenginni þessari yfirlýsingu greinarhöfundar í rétti, að líta svo á, að hin umræddu ummæli greinarinnar falli ekki undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Í greininni „Verðlag“ — en gegn henni er þungamiðja kærunnar — er gerður samanburður á verði nokkurra helztu matvörutegunda í Kaupfélagi Þingeyinga og í verzlun kæranda, St. Guðjohnsen, sem nefndur er „aðalkeppinautur þess í Húsavík“ og að loknum samanburðinum er bent á, að aðeins ein framtalin vörutegund sé „jafnverðlag í kaupmanns verzlunni og í K.Þ. Allar aðrar eru til stórra muna dýrari eða allt upp í 50%.“ — Hvort þessi samanburður fellur undir ákvæði 11. gr. laga nr. 84, 1933 veltur á því, hvort telja beri hann rangan eða villandi. Þessi samanburður er gerður án þess að getið sé, fyrir hvaða dag eða fyrir hvaða tímabil verð það gildi, hafi gilt eða muni gilda, sem þarna er skráð. Að skilja verðsamanburðinn sem hlutfallsmynd af viðskiptakjörum þessara tveggja verzlana yfirleitt, virðist greinin ekki gefa tilefni til, heldur verður að telja hana auglýsingu á verðinu eins og það var í nefndum verzlunum annaðhvort daginn, sem blaðið kom út, ellegar yfir tímabilið næst á undan. Sé miðað við útgáfudag blaðsins, 30. júní 1933, er það upplýst með rannsókn málsins, að þann dag var

hvorki til kaffi né mjölsykur í Kaupfélagi Þingeyinga, og ekki til rúgmjöl né heilbaunir „betri tegund“ í verzlun kæranda, en þá verður samanburðurinn að þessu leyti að teljast óréttur og villandi, því til þess að einni verzlun sé heimilt, samkvæmt lögum nr. 84, 1933, að auglýsa samanburð á verðlagi sínu og verði keppinauts á tilteknum vörutegundum, virðist a. m. k. verða að gera þá kröfu, að hinar auglýstu vörur séu til hjá báðum aðiljum. Miðist aftur á móti samanburðurinn á vöruverðinu við síðasta verðlag í júnimánuði 1933 hjá aðiljum þessa máls, — en að svo hafi átti að vera, segir greinarhöfundurinn, Þórir Friðgeirsson, sem er starfsmaður Kaupfélags Þingeyinga, — þá verður hann ekki réttur, ef tekið er verðlagið fyrir allan júnimánuð, því dagana 1.—19. júní selur kærandi kaffi og sykur 5 aurum ódýrara en dagana 19.—30. júní, en sé það verðið yfir síðara tímabilið í júní, sem er tekið til samanburðar, — og því heldur kærði fram, — þá verður samanburðurinn að miklu leyti réttur, yfir tímabilið 19.—28. júní að þeim degi meðtöldum, en það er síðasti dagurinn, sem látinn er úti mjölsykur í júní 1933 hjá Kaupfélagi Þingeyinga.

Allskostar réttur eða heimill er þó samanburðurinn ekki, því prófin leiða í ljós, að aðeins tvisvar í júnimánuði 1933 sést, að kaffi hefir verið látið úti hjá Kaupfélagi Þingeyinga, 0,6 kg. 2. júní og 1,1 kg. 24. júní, og þetta bendir til þess, að yfirleitt hafi vara þessi ekki verið á boðstólum hjá K.Þ. nefndan mánuð, og það verður að teljast upplýst, að rúgmjöl og „Victoriubaunir“ hafi verzlun kæranda ekki haft til sölu a. m. k. síðustu viku júnímán. 1933. Á þessum þrem vörutegundum virðist því samanburðurinn hafa verið villandi og ekki heimill, jafnvel þó miðað sé við síðasta verðlag nefndra tveggja verzlana í júní 1933. — Að athuguðu því, sem hér að framan er sagt um greinina „Verðlag“, verður að líta svo á, að hún falli undir ákvæði 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Greinin „Tiðindi“ í 3. tölubl. „Boðbera K.Þ.“ er mestmegnis frásögn um sáttatilraunir milli fulltrúa kæranda og framkvæmdarstjóra Kaupfélags Þingeyinga útaf greininni „Verðlag“ í 1. tbl. nefnds blaðs, og er sagt frá því, sem á að hafa gerzt á sáttafundi 25. júlí 1933, en þessa frásögn telur kærandi rangsnúna og sumpart ósanna. Hvort svo er,

verður ekki upplýst í máli þessu, þar eð sáttanefndar menn eru bundnir þagnarskyldu um það, sem fram fer á sáttafundi, en á umsögnum aðilja verður ekki eingöngu byggt, hversu ráðvandir menn sem þeir kunna að vera.

Það er því ávallt varhugavert og virðist jafnvel koma í bága við fyrirmæli 28. gr. tilskipunar 20. jan. 1797 um sáttastiftanir að skýra opinberlega frá því, sem gerzt hefir fyrir sáttafundi, þegar „góðmótlegri sætt“ varð ekki á komið, og því full ástæða til að átelja þessa frásögn um það, sem gerðist á nefndum sáttafundi, enda þótt hún að réttarins áliti falli ekki undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

En með frásögninni um sáttaumleitanir í greininni „Tíðindi“ er ekki látið staðar numið, heldur bætir greinarhöfundur, sem er verjandi kærða í máli þessu, við eftirmála, þar sem m. a. er sagt: „Á framanrituðu geta félagsmenn í K.Þ. séð, hvaða andi býr enn á bakkahorninu við Búðarána“, og jafnframt minnir hann menn á löngu liðinn tíma, þegar þeir „brutu af héraðsbúum hlekki selstöðuverzlunarinnar í Húsavík“ og verzlunarstjórninn, faðir kæranda, sem keypti „leifar selstöðuverzlunarinnar“ ofsótti samtök kaupfélagsmanna. Þar sem það er vitanlegt, að kaupfélagsskapurinn er Þingeyingum yfirleitt mjög kær og þeim viðkvæmt mál að verða minntir á þá atburði, sem nefndir eru í áminnztum eftirmála, er það ekki útilokað, að hann hafi að einhverju leyti vakið andúð gegn kæranda og verzlun hans, jafnvel þó vitað sé, að hin áminnztu deilumál voru kæranda,— sem naut almenns trausts og virðingar, — með öllu óviðkomandi, og verður því að líta svo á, að þessi síðasti kafli greinarinnar „Tíðindi“, í því sambandi og á þann hátt, sem hann er fram settur gegn kæranda, falli undir 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Þar sem nú kærði, stjórn Kaupfélags Þingeyinga, ber sem útgefandi og ábyrgðarmaður ábyrgð á því, sem í blaðinu „Boðberi K.Þ.“ stendur, „in casu“ á greinunum „Verðlag“ og „Tíðindi“ í 1. og 3. tbl. nefnds blaðs, verður samkvæmt framansögðu ekki hjá því komizt að telja hana brotlega gegn 11. gr. laga nr. 84, 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en með tilliti til þess, að nefnd lög voru svo nýlega í gildi gengin, þegar „Boðberi K.Þ.“ kom út með greininni „Verðlag“, að þau

voru þá tæplega orðin kunn almenningi, — að verðsamanburðurinn í nefndri grein er að eins að litlu leyti rangur, — að framkvæmdarstjóri Kaupfélags Þingeyinga bauðst til að leiðrétta það, sem rangt kynni að vera í greininni, — þykir refsing kærðu stjórnar, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu, hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í rikissjóð, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 18 daga einföldu fangelsi.

Hinsvegar verður ekki á það fallið, eftir því sem fram hefir komið í prófum þessa máls, að kærandi hafi beðið tjón sökum nefndrar greinar í „Boðbera K. Þ.“, svo ástæða þyki til að dæma honum skaðabætur samkv. 16. gr. oftnefndra laga nr. 84, 1933, og ber því að sýkna kærða af þessari kröfu kæranda. — Kostnað sakarinnar í héraði greiði kærði.

Dómarinn viðurkennir það og biður velvirðingar á því, að á uppkvaðningu dóms þessa hefir orðið alllangur dráttur, sem sumpart stafar af fjarveru dómarans síðustu mánuði ársins 1934, sumpart af annriki eftir heimkomuna, og sér í lagi af því, að hér var um framkvæmd og skilning nýrrar lagasetningar að ræða, sem dómarinn helst hefði kosið að sjá hæstarétt skýra, ef þess væri kostur, áður en þessi dómur gengi.

Mánudaginn 26. apríl 1937.

Nr. 128/1936. Réttvísing og valdstjórnin

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Ingimar Bjarnasyni, Einari Steindórsyni, Kristjáni Jónssyni, Sigurjóni Jónssyni, Guðmundi Einari Einarsyni, Hannesi Kjartanssyni og Sigurði Benjamínssyni (Jón Ásbjörnsson).

Hreppsnefndarmenn sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 18 frá 1934, sbr. lög nr. 28 frá 1915.